

Sp.

89. Tillaga til þingsályktunar

[87. mál]

um málefni El Salvador.

Flm.: Eiður Guðnason, Karl Steinar Guðnason, Kjartan Jóhannsson.

Alþingi ályktar að beina því til utanríkisráðherra, að Ísland beiti áhrifum sínum, hvarvetna þar sem þess gefst kostur á alþjóðavettvangi, til þess að stuðla að friðsamlegri lausn deilumála í El Salvador, jafnframt því að beita sér fyrir því gagnvart Bandaríkjastjórn, að hún láti af hernaðarstuðningi við þá ógnarstjórn sem fer með völd í El Salvador. Í þessu sambandi er sérstaklega minnt á nýlegt tilboð stjórnarandstöðunnar um, að deiluaðilar setjist að samningum, og hvatt til þess, að Ísland stuðli að því, að af slíkum samningum verði sem allra fyrst.

Greinargerð.

Ríkisstjórnir þær, sem farið hafa með völd undanfarin ár í El Salvador, bera ábyrgð á einhverjum mestu fjöldamorðum síðari ára. Samkvæmt heimildum fulltrúa kirkju og mannréttindasamtaka hafa tugþúsundir manna verið myrtar þar á kerfisbundinn hátt á síðustu þremur árum. **Á síðustu þremur árum hefur Mannréttindanefnd El Salvador skráð rúmlega 26 þúsund morð á óbreyttum borgurum í landinu.** Mannréttindasamtök og kirkjunnar menn halda því fram, að langflest þessara morða séu framin af öryggissveitum, her og lögreglu í landinu. Einnig hefur verið sýnt fram á tengsl milli herforingja landsins og ýmissa hópa öfgamanna, sem flest óhæfuverkin vinna. Langflest fórnarlömbin eru fátækir landbúnaðarverkamenn, en allar stéttir landsins hafa orðið fyrir mikilli blóðtöku af völdum þessa hildarleiks. Þar má sérstaklega nefna lækna (42 myrtir á síðustu þremur árum) og kennara, en mikill fjöldi þeirra hefur horfið sporlaust.

Talið er að nú hafi rúmlega 1 milljón manna orðið að yfirgefa heimili sín eftir að ógnaröldin hófst þar árið 1979. Þetta er nærri fimmti hver landsmaður, sem kominn er á flóttu í eigin landi eða er kominn úr landi. Samkvæmt heimildum mannréttindasamtaka standa her og lögregla fyrir skipulögðum pyntingum í fangelsum landsins.

Vegna mikillar gagnrýni á aftökur og hryðjuverk hers og lögreglu í El Salvador á alþjóðavettvangi á síðasta ári virðast aðferðir yfirvalda nú vera að breytast til samræmis við aðferðir ógnarstjórna sunnar í álfunni. Þannig sýna tölur yfir mannhvörf á þessu ári að þau hafa á sumum tímabilum ársins þrefaldast miðað við sama tíma í fyrra. Það er einnig hrikalegt, að ofbeldi gegn konum virðist fara vaxandi. Skýrslur mannréttindasamtaka sýna að 90% þeirra kvenna, sem handteknar eru, er nauðgað. Þá er til fjöldi vitnisburða um fjöldamorð á óbreyttum borgurum á þessu ári.

Augljóst er að ríkisstjórn El Salvador ræður ekki við þennan vanda. Þrátt fyrir gífurlega hernaðaraðstoð Bandaríkjastjórnar hefur stjórnarher og lögreglu lítt miðað í baráttu við vopnaða stjórnarandstöðu sem hefur meira en þriðjung landsins undir sinni stjórn. Ólíklegt verður að teljast að unnt sé að vinna hernaðarsigur þar sem þjóðin skiptist í andstæðar fylkingar og her og lögregla halda almenningi í stöðugum ótta. Þrátt fyrir yfir **80 milljóna** dollara aðstoð Reagan-stjórnarinnar á þessu ári miðar her landsins lítt gegn skæruliðum **FMLN**, hinni vopnuðu stjórnarandstöðu landsins.

Það virðist því rétt, að reynd sé til þrautar samningaleið hinna stríðandi aflu. Í október s. l. settu hin pólitíska stjórnarandstaða **FDR** og **andspyrnuhreyfingin FMLN** fram hugmyndir til lausnar deilunni. Þessar hugmyndir, sem byggja á samningaviðræðum stríðandi aflu í landinu, gera ráð fyrir því, að fulltrúar stjórnarandstöðu og andspyrnuhreyfingar ásamt fulltrúum framkvæmdavalds, stjórnлага- og fulltrúaþings og hers landsins komi þegar saman til að leita lausnar á deilunni. Engin skilyrði eru sett fram varðandi upphaf samningaviðræðna. Einnig verði höfð milliganga um þátttöku fulltrúa annarra þjóðfélagsafla í samningaviðræðunum, svo sem fulltrúa stjórnmalaflokka, verkalyðshreyfingar og e. t. v. fleiri. Þetta samningatilboð er undirritað af dr. Guillermo Manuel Ungo, formanni jafnaðarmannaflokks El Salvador, MNR og oddamanni hinnar pólitísku andstöðu, ásamt Ruben Zamore fyrir andspyrnuhreyfinguna FMLN.

Forseti stjórnlagapings El Salvador, Roberto D'Aubuisson, hefur þegar hafnað þessu tilboði. En ýmsir ábyrgir leiðtogar innanlands sem utan hafa séð í því lausn deilunnar, þar á meðal erkibiskupinn í San Salvador, Riviera Y Damas, sem hefur lýst yfir afdráttarlausum stuðningi við þessar hugmyndir.

Íslendingar geta haft áhrif á þróun þessarar deilu, m. a. á vettvangi S. þ. þar sem unnið er að lausn deilunnar bak við tjöldin. Einnig getum við þrýst á ríkisstjórn Reagans Bandaríkjaforseta að láta þegar af hernaðaraðstoð við El Salvador, en án þeirrar aðstoðar gæti her og lögregla í landinu ekki haldið uppi þeirri ógnarstjórn sem einkennt hefur landið undanfarin ár.